

HEIMAN SKYNJARI – SAMTENGJANLEGUR

Best er að hafa alla skynjarana sem tengja á saman, á borði fyrir framan sig.

1. Hafið loftfestinguna á skynjurunum. Merkið einn skynjarann sem “master” (Límmiði fylgir í kassanum “Host device”)
2. Ýtið þrisvar sinnum á hnappinn að framanverðu (Master) á tveimur sekúndum og þrýstið svo á hnappinn einu sinni í eina sekúndu. Grænt ljós birtist á skynjaranum, hann er tilbúinn að tengjast öðrum.
3. Tengja næsta skynjara ; Ýtið tvisvar sinnum á hnappinn að framanverðu á tveimur sekúndum og þrýstið svo aftur á hnappinn í eina sekúndu. Grænt ljós birtist á skynjaranum og lítið píphljóð heyrir. Endurtakið skref 3, eftir því hversu marga skynjara á að tengja saman.
4. Ef tengja á fjarstýringu við skynjarana, skal fyrst setja batteríð sem fylgir í kassanum í fjarstýringuna, áður en allir skynjararnir eru tengdir saman. Þegar það er búið að tengja síðasta skynjarann, skal þrýsta á svartan hnapp, tvisvar sinnum á tveimur sekúndum á fjarstýringunni (**á bakhliðinni**) og þrýsta svo aftur á hnappinn einu sinni í eina sekúndu. Píphljóð heyrir, setjið lokið á fjarstýringuna.
5. Setjið upp skynjarana.
6. Ef tenging á skynjurum mistekst eða það á að fækka skynjurum sem eru tengdir saman, þá þarf að núllstillta/aftengja hvern um sig með því að ýta fjórum sinnum á tveimur sekúndum á hnappinn á framanverðu og þrýsta svo aftur á hnappinn í eina sekúndu, grænt ljós birtist og skynjarinn er núllstilltur/aftengdur.